

<p align="center"><b>Eyðublað matvælaráðuneytis vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2023/2024</b></p>	
<p>Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.</p> <p>Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.</p>	
<b>Sveitarfélag:</b>	Grýtubakkahreppur
<b>Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:</b>	Grenivík
<b>Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:</b>	11. des. 2023.
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Vikið er frá viðmiðun við landaðan afla og ákvæðum um löndunarskyldu.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)</b>	Á Grenivík er nánast engum afla landað, en á staðnum eru tvær fiskvinnslur sem vinna árlega úr á bilinu 3 til 5 þúsund tonnum. Öllum afla er landað annarsstaðar og keyrt til vinnslu á Grenivík. Því verður að víkja frá reglugerð með ofangreindum hætti ef einhver eðlileg viðmiðun á að nást.
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	<p><b>Bókun sveitarstjórnar:</b></p> <p><b>9. Frá matvælaráðuneyti, úthlutun byggðakvóta 2023/2024, dags. 1. des. 2023.</b></p> <p>Með bréfi Matvælaráðuneytis dags. 1. des. 2023, er boðuð úthlutun byggðakvóta fiskveiðiaríð 2023/2024 og koma 122 þorskígildistonn í hlut Grýtubakkahrepps. Jafnframt er óskað eftir sérreglum sveitarstjórna og bókar sveitarstjórn Grýtubakkahrepps eftirfarandi er varðar sérreglur við úthlutun byggðakvóta í sveitarfélaginu;</p> <p>Þar sem afla Grenivíkurbáta er almennt landað annarsstaðar og ekið til vinnslu á Grenivík, samþykkir sveitarstjórn að eftirfarandi sérreglur gildi um úthlutun byggðakvóta hreppsins:</p> <p><b>1/3 hluta kvótans skal deila jafnt milli þeirra skipa sem sækja um byggðakvóta og eiga heimahöfn í Grýtubakkahreppi.</b></p> <p><b>2/3 hlutum kvótans, skal skipta í hlutfalli við úthlutað aflamark sömu skipa fiskveiðiaríð 2023/2024</b></p> <p>Að öðru leyti fer eftir reglugerð um úthlutun byggðakvóta nr. 851/2023 og lögum um stjórn fiskveiða.</p>

<b>Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)</b>	Sjá rökstuðninga að ofan. Þau skip sem eru með umtalsvert aflamark landa almennt ekki á Grenivík, en einnig er tekið tillit til smábáta sem hafa t.d. verið á strandveiðum og grásleppuveiðum en eru kvótalitlir eða án kvóta að öðru leyti. Með þeirri reglu sem sveitarstjórn hefur miðað við er farinn millivegur um úthlutun þannig að allir útgerðaraðilar á staðnum hafi möguleika. Þessi regla hefur verið viðhöfð óbreytt um árabíl og má segja að ríki um sæmileg sátt.
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	
<b>Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Fallið er frá löndunarskyldu.
<b>Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)</b>	Sjá fyrri rökstuðning.
Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið <a href="mailto:mar@mar.is">mar@mar.is</a> .	